


BORGARRÁÐ 20.7.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á steinsteiptum tröppum við Seljaskóla - R17070103

Lagt er til að ráðist verði í viðgerðir og endurbætur á steinsteiptum tröppum sem tengja íbúabyggð í austanverðu Seljahverfi við Seljaskóla. Umræddar tröppur eru fyrir neðan Hnjúkasel og Kambasel og er hluti þeirra svo illa farinn að hættu getur stafað af.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Mál nr. R17070103 USK2017050044

Borgarráð

Efni : Endurbætur á steinsteyptum tröppum við Seljaskóla

Vísað er til tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði þann 20.7.2017 um endurbætur á steinsteyptum tröppum við Seljaskóla.

„Lagt er til að ráðist verði í viðgerðir og endurbætur á steinsteyptum tröppum sem tengja íbúabyggð í austanverðu Seljahverfi við Seljaskóla. Umræddar tröppur eru fyrir neðan Hnjúkasel og Kambasel og er hluti þeirra svo illa farinn að hættu getur stafað af..“

Tillagan var send Umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs:

Umræddar 3 tröppur eru staðsettar á aðkomuleiðum að Seljaskóla norð-austan megin við skólann, ástand þeirra er léleg og þarfnast þær endurgerðar. Sjá staðsetningu á meðfylgjandi loftmynd Umhverfis- og skipulagssvið leggur til að nyrstu tröppurnar, sýndar með bláum hring verði endurgerðar, en jafnframt mjókkaðar. Lagt er til að syðstu tröppurnar tvær, merktar með rauðum hringjum verði aflagðar enda er önnur hallandi aðkoma við hlið þeirra. Tröppurnar verða teknar í burtu og setstallar og gras setti í stað þeirra.

Áætlaður kostnaður við endurgerð og breytingar á tröppunum er áætlaður kr. 10.000.000. Ekki eru fjármunir til verksins á viðhaldslið skólalóðar árið 2017.

Umhverfis- og skipulagssvið leggur til að gert verði ráð fyrir framkvæmdinni í viðhaldsáætlun skólans árið 2018.

Reykjavík 9. september 2017

Ólafur Ólafsson

deildarstjóri

Skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar

